

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar, nr. 450/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 13. gr. kemur ný grein, 13. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.

Heimilt er einstökum nefndarmanni að taka þátt í fundum bæjarstjórnar, ráða og nefnda með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað skv. 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga ef hann er staddur innan sveitarfélagsins eða í erindagjörðum á vegum Suðurnesjabæjar og neyðarástand skapast í samfélaginu, s.s. vegna veðurs eða annarra aðstæðna sem hamla fundarsetu en að öðrum kosti skal kalla inn varamann. Nefndarmaður sem óskar eftir að taka þátt í fundi með rafrænum hætti skal tilkynna það oddvita og bæjarstjóra með nægilegum fyrirvara. Með sama hætti og sömu fyrirvörum er nefndarmönnum heimilt að taka þátt með rafrænum hætti á fundum nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins.

Ef nefndarmaður, einn eða fleiri, taka þátt í fundi með fjarfundarbúnaði skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna. Um framkvæmd fjarfunda skal annars fara eftir leiðbeiningum um fjarfundi sveitarstjórna, sbr. auglýsingu nr. 1182/2021.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tl. B-liðar orðast svo:

Fjölskyldu- og velferðarráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði fjölskyldumála og velferðar ásamt því að fara með verkefni félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.

b. Á eftir 9. tl. B liðar kemur nýr töluliður, 10. tl. svohljóðandi:

Umdæmisráð barnaverndar. Suðurnesjabær stendur sameiginlega að umdæmisráði barnaverndar í samstarfi við önnur sveitarfélög samkvæmt samningi þar um, í samræmi við 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. síðari breytingar. Skipað er í umdæmisráð skv. samningi milli viðkomandi sveitarfélaga. Nánar um störf fjölskyldu- og velferðarráðs fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.

3. gr.

Á eftir 44. gr. kemur ný grein, 44. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðri málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið að fela nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er bæjarstjórn heimilt að fela embættismönnum innan stjórnsýslu Suðurnesjabæjar fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt 1. og 2. mgr. og getur kallað eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu samkvæmt 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykkt þessari taki ákvörðun í máli.

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar samkvæmt 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvornig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Um endurupptöku mála gildir að öðru leyti 24. gr. stjórnsýslulaga.

Heimildir nefnda, ráða og stjórna til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra, sem hafa í för með sér útgjöld, séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

4. gr.

Á eftir 48. gr. kemur ný grein, 48. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Framsál bæjarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða deildarstjóri félagsþjónustu afgreiða án staðfestingar fjölskyldu- og velferðarráðs og bæjarstjórnar, mál sem byggja á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum skv. 1. mgr. skal beint til fjölskyldu- og velferðarráðs.

Sviðsstjóri eða starfsfólk í umboði sviðsstjóra getur ávallt óskað eftir því að fjölskyldu- og velferðarráð taki ákvörðun í máli samkvæmt 2. tl. 44. gr. samþykktar þessarar.

Fjölskyldu- og velferðarráð skal upplýst reglulega með almennum hætti um mál sem starfsmenn afgreiða í umboði ráðsins.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða deildarstjóri fara með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og bera ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til þess starfsmanns, skv. 5. mgr. 48. gr. a sem ekki tók hina upphaflegu ákvörðun. Telji sá að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal barnaverndarþjónusta Suðurnesjabæjar taka málið upp að nýju.

5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Suðurnesjabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 29. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.